



Borgarráð

Járnsléttu 4 - úthlutun lóðar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Rými - Ofnasmiðjunni ehf., kt. 580199-3059, Gylfaflöt 4, 112 Reykjavík um 4.229 fermetra lóð að Járnsléttu 4, 113 Reykjavík, auk 1.691,6 fermetra byggingarrétti ofanjarðar. Gatnagerðargjald m.v. 1.691,6 fermetra byggingu ofanjarðar er 39.074.268 kr. m.v. október 2021. Greitt er fyrir byggingarréttinn 8.458.000 kr.

Heildargreiðsla fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld er 47.532.268 kr. og er gjalddagi greiðslunnar 45 dagar frá úthlutun borgarráðs.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu, heimlagngjöld og önnur gjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs er hægt að fella úthlutun lóðarinnar úr gildi, sbr. gr. 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Athygli er einnig vakin á því að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf. Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni. Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar á föstu verði í Reykjavík, útgefni í júní 2021, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefni í júní 2013 og gildandi deiliskipulag. Lóðaskilmálarnir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Ívar Örn Ívarsson
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara